

Ytra mat grunnskóla

# Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóli

október 2019

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir  
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Fjarðarbyggð.

Höfundar: Þóra Björk Jónsdóttir og Sædís Ósk Harðardóttir

© Menntamálastofnun, 2019.

ISBN 978-9979-0-2397-5

## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	3
Samantekt niðurstaðna .....	4
Stjórnun og fagleg forysta .....	4
Nám og kennsla .....	4
Innra mat .....	5
Skólaprófill.....	6
Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóli .....	7
Niðurstöður .....	8
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta .....	8
1.1 Samvirkni í stefnumótun .....	8
1.2 Faglegt samstarf og samræða .....	8
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu .....	9
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga .....	9
1.4 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	10
1.5 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	10
1.6 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna .....	10
Þáttur 2 – Nám og kennsla .....	12
2.1 Inntak og námskrá .....	12
2.2. Árangur náms .....	12
2.3 Gæði kennslu .....	13
2.4 Skipulag náms.....	14
2.5 Námsvitund .....	15
2.6 Ábyrgð og þátttaka .....	15
Þáttur 3 – Innra mat .....	16
3.1 Skipulag.....	16
3.2 Framkvæmd.....	16
3.3 Umbætur .....	16
Umbótaatriði sem fram komu í ytra mati á Breiðdalsskóla 2016 .....	17

## Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóla sem fór fram á haustönn 2019. Teknir voru fyrir þrjú matsþættir, þar sem sveitarfélag/skóli óskaði ekki sérstaklega eftir að metinn yrði einhver fjórði þáttur. Þættirnir sem lagt var mat á voru *stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla* og *innra mat*. Við gerð umbótaáætlunar þarf skólinn og skólanefnd að taka tillit til þeirra tækifæra til umbóta sem sett eru fram hér.

### Stjórnun og fagleg forysta

#### Styrkleikar

- Almenn sátt er í skólasamfélaginu með tilhögun sameiningar skólanna.
- Stjórnendur leggja áherslu á það jákvæða í skólastarfi í daglegu tali og fréttaflytningi.
- Starfsmenn telja samheldni og liðsheild einkenna starfið í skólanum.
- Góður starfsandi er í hópnum.
- Stjórnandi hvetur til starfsþróunar og eru virkur í að deila upplýsingum þar um til starfsmanna.
- Stjórnandi skapar svigrúm til endurmenntunar hjá starfsmönnum.
- Góð samfella er milli skólastiga með samreknum leikskólum.
- Kennarar eru ánægðir með skipan kennslu.
- Kennarar finna fyrir trausti hjá stjórnanda og hafa sveigjanleika við skipulagningu náms og kennslu.

#### Tækifæri til umbóta

- Móta stefnu fyrir nýjan sameinaðan skóla í samvinnu við alla aðila skólasamfélagsins.
- Gera þarf skólanámskrá í samstarfi við aðila skólasamfélagsins.
- Árlega þarf að gera starfsáætlun.
- Vinna símenntunaráætlun í tengslum við markmið og áherslur skólans.
- Skapa svigrúm til faglegrar umræðu starfsmanna með reglulegri fundum.
- Koma á markvissara foreldrasamstarfi og leita leiða til að kanna formlega hugmyndir foreldra til eflingar skólastarfi.
- Upplýsa foreldra um þá stoðþjónustu sem skólinn býður upp á og þá skólaþjónustu sem skólinn á kost á.
- Skrá og birta verkaskiptingu stjórnenda.
- Æskilegt er að gera grein fyrir samstarfsverkefnum við grenndarsamfélagið sem eru í gangi.
- Fjölga fundum skólaráðs og halda einn opinn skólaráðsfund á ári.

### Nám og kennsla

#### Styrkleikar

- Nemendur eru áhugasamir og virkir í kennslustundum og samskipti eru jákvæð.
- Kennarar sýna fagmennsku í kennslu og kennsluhættir eru fjölbreyttir.
- Skipulag kennslu er gott og námstími nemenda vel nýttur.
- Stuðningur er fjölbreyttur og veittur í bekkjaraðstæðum.
- Foreldrar almennt og foreldrar bara með sérstakar þarfir telja sig fá góðar upplýsingar um námsgengi barna sinna.
- Áhugasviði nemenda er mætt með sérstökum verkefnum.

- Skólinn er vel búinn námsgögnum og tækjum.
- Nemendur nýta upplýsingatækni við nám.
- Nemendalýðræði er virkt.

#### Tækifæri til umbóta

- Gera heildaráætlun um nám og kennslu (námsvísa/bekkjarnámskrár) og birta á heimasíðu.
- Efla samvinnu kennara við skipulag náms til að mynda samfellu.
- Tengja áætlanir um nám og kennslu við grunnþætti aðalnámskrár og lykilhæfni.
- Birta hæfniviðmið í öllum námsáætlunum.
- Kynna foreldrum áætlanir í námi og viðmið um árangur sem stefnt er að.
- Gera nemendum ljós markmið í námi og hafa þau sýnileg.
- Huga að kennslu þegar mikill munur er á árangri nemenda eftir námsgreinum.
- Efla samvinnu og samræður nemenda í námi.
- Vinna með lesfimi á miðstigi.
- Auka þarf list- og verkgreinakennslu svo tilmæli aðalnámskrár séu virt.
- Huga að því að hafa val á unglingsárgangi í um sjö vikustundir að jafnaði.

#### Innra mat

##### Styrkleikar

- Mat á námi, árangri og framförum nemenda fer fram reglulega, svo sem með Lesferli og samræmdum könnunarprófum.

#### Tækifæri til umbóta

- Vinna þarf markvisst að innleiðingu innra mats í skólanum.
- Skipa teymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila til að hafa umsjón með framkvæmd innra mats og skipulagi þess.
- Gera langtímaáætlun um innra mat til þriggja til fimm ára.
- Vinna áætlun um innra mat ársins og gera þar grein fyrir aðgerðum, þátttakendum, tímasetningum, ábyrgðaraðilum og viðmiðum um árangur, þar sem það á við.
- Leita formlega eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðilar við matið, s.s. foreldra.
- Vinna árlega greinargerð um innra mat og birta opinberlega.
- Gera árlega umbótaáætlun þar sem fram koma aðgerðir, tímasetningar, þátttakendur, ábyrgðaraðilar og hvenær og hvernig á að meta umbætur.
- Bera umbótaáætlun sem og aðrar áætlanir og skýrslur í innra mati undir skólaráð með formlegum hætti.

## Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófillar skóla eru ekki samanburðarhæfir milli skóla.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Samvirkni í stefnumótun	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Faglegt samstarf og samræða	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námsvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í samfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4	grænt	Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5	Grænt og gult	Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5	gult	Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5	rautt	Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

## Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóli

Skólinn er samrekin leik- og grunnskóli á sömu lóð á Stöðvarfirði en á Breiðdalsvík er verið að útbúa svæði fyrir leikskólann innan skólahúsnaðisins. Grunnskólinn á Stöðvarfirði og Leikskólinn Balaborg voru sameinaðir undir nafni Stöðvarfjarðarskóla árið 2012. Grunnskóli Breiðdalshrepps og Leikskólinn Ástún voru sameinaðir Stöðvarfjarðarskóla undir nafninu Breiðdals- og Stöðvarfjarðarskóli árið 2018. Fyrsta starfsár sameinaðs skóla 2018-2019 störfuðu fyrrum stjórnendur sem skólastjóri og aðstoðarskólastjóri nýs skóla. Nú á öðru starfsári fór skólastjóri í árs leyfi og tók aðstoðarskólastjóri við sem skólastjóri en enginn aðstoðarskólastjóri er starfandi nú. Kennt er á Breiðdalsvík á mánudögum og miðvikudögum og á Stöðvarfirði á þriðjudögum og fimmtudögum. Á föstudögum eru nemendur í sínum heimaskóla. Íþróttir eru kenndar á báðum stöðum. Félagsmiðstöð og frístundastarf fyrir yngri nemendur hefur aðsetur í skólahúsnaðinu. Tónlistarskólinn hefur aðstöðu til kennslu innan skólans.

Einkunnarorð skólans eru Virðing – Vinátta – Vandvirkni.

Í skólanum er 21 nemandi árið 2019-2020. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	3	2	3	0	1	2	5	3	2	2
Samkennsluhópar	1.-4. bekkur 8 nemendur			5.-7. bekkur 8 nemendur			8.-10. bekkur 7 nemendur			

Nemendur af erlendum uppruna eru fimm og fimm nemendur fá kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Nemendur með skilgreinda sérkennslu eru sex, þar af eru tveir með einstaklingsnámskrá.

Engin kennslustund hefur fallið hafa niður á skólaárinu.

Við skólann starfar skólastjóri án kennsluskyldu (þetta árið), annars hefur skólastjóri 8 tíma kennsluskyldu og aðstoðarskólastjóri 16 tíma kennsluskyldu. Kennarar eru tveir í fullu starfi og fimm leiðbeinendur, alls í 3,5 stöðugildum. Skólaliðar eru þrír í tveimur stöðugildum, einn stuðningsfulltrúi í 50% starfi, matráður í fullu starfi, tveir bókasafnsfræðingar alls í 40% starfi og húsvörður í 10% stöðu.

Við skólann starfa einnig tveir skólabílstjórar, tveir starfsmenn íþróttahúsa og skólahjúkrunarfræðingur kemur tvisvar sinnum í mánuði.

## Niðurstöður

### Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

Samvirkni í stefnumótun	Faglegt samstarf og samræða	Tengsl við foreldra og aðra í skóla-samfélaginu	Umbætur og innleiðing breytinga	Vinnulag, verklags-reglur og áætlanir	Starfsmanna stjórnun og verkaskipting	Leiðtoga-hæfni stjórnenda og starfsmanna
-------------------------	-----------------------------	---	---------------------------------	---------------------------------------	---------------------------------------	--

#### 1.1 Samvirkni í stefnumótun

*Virðing, vinátta, vandvirkni* eru einkunnarorð Breiðdals- og Stöðvafjarðarskóla og eru þau vel sýnileg á heimasíðu skólans sem og á veggjum skólans. Nemendur í rýnihópi þekktu einkunnarorðin. Formleg skólanámskrá er ekki til fyrir skólann en margar upplýsingar sem skólanámskrá á að innihalda eru birtar á heimasíðu hans. Drög að starfsáætlun fyrir árið 2018-2019 er á heimasíðunni og við matið er stuðst við hana. Hvorki foreldrar né nemendur koma að vinnu við skólanámskrá eða stefnu skólans. Skólinn starfar eftir uppeldisstefnunni Uppeldi til ábyrgðar og hefur gert um skeið. Stefnan var tekin upp að ákvörðun Fjarðarbyggðar. Einnig starfar skólinn að verkefninu *Bættur námsárangur* í samvinnu við Fjarðarbyggð. Í viðtali við kennara kom fram að vinna við uppeldisstefnuna hefur ekki verið virk, en til stendur að endurvekja hana. Foreldrar í rýnihópi töluðu um að þeir hefðu ekki fengið tækifæri til að móta stefnu skólans en voru með í upphafi umræðunnar um sameiningu á þessum tveimur skólum, tveir fulltrúar foreldra fóru á fundi um verkefnið *Bættur námsárangur* hjá Fjarðarbyggð en fengu síðan ekkert meira að vita og telja sig ekki hafa orðið vara við afrakstur þeirrar vinnu.

Sveitarfélagið hefur markað sér lestrarstefnu sem skólinn starfar eftir og er hún sýnileg á heimasíðu skólans. Ekki hefur verið haft samráð við hagsmunaaðila skólasamfélagsins við stefnumótun skólans. Þar sem þetta er annað ár nýs sameinaðs skóla tala bæði kennarar og stjórnandi um að fyrsta árið hafi farið mikið í að vinna að sameiningunni og lítill tími hafi verið fyrir stefnumótun. Í viðtali við stjórnanda kom fram að hann sjái fyrir sér sérhæfingu hvers húss en vinna þarf fyrst og fremst að því að þessi sameining takist vel, ólík vinna var á hvorum stað sem þarf að samræma eins og kostur er. Ekki var leitað eftir samvinnu við kennara eða aðra starfsmenn skólans þegar farið var í sameiningu og hefðu kennarar gjarnan viljað koma að þeirri vinnu. Í viðtali við skólastjóra kom fram að hann og fyrri skólastjóri sem nú er í leyfi komu að þessari vinnu og áttu hugmyndina að sameiningunni. Almennt telja starfsmenn skólans og foreldrar að fréttaflutningur af skólanum sé jákvæður og góður og að stjórnendur leggi áherslu á það jákvæða í skólastarfinu.

#### 1.2 Faglegt samstarf og samræða

Starfsmenn segja góðan starfsanda ríkja í skólastarfinu, stjórnandi er samkvæmt starfsmönnum og kennurum duglegur að hvetja þá til að leita sér endurmenntunar og efla sig í starfi og er virkur í að deila upplýsingum um tækifæri til starfsþróunar. Skólastjóri talaði um að fyrir sameiningu hefði hann haft yfirsýn yfir símenntun sinna starfsmanna, það er Stöðvarfjarðarmegin, en væri ekki með á hreinu hvernig því væri háttað Breiðdalsmegin. Kennarar og aðrir starfsmenn voru sammála um að stjórnandi skapi svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun starfsmanna innan og utan skólans og væri mjög sveigjanlegur um möguleika á þátttöku á námskeiðum og ráðstefnum. Gera þarf símenntunaráætlun og skilgreina þar tímaramma og einstaklingsáherslur í símenntun. Kennarar sögðust gjarnan vilja fá fleiri námskeið á svæðið eða geta notað fjarfundabúnað meira sökum þess hve flókið og dýrt er að fara alltaf um langan veg til að sækja sér endurmenntun. Skólaskrifstofan stendur á hverju hausti fyrir einhverri fræðslu sem kennarar geta sótt.



Samræða um starfshætti og kennslu fer fram reglulega en stjórnandi sagði að þar sem skólinn er á tveimur stöðum sé oft erfitt að ná öllum saman eftir kennslu, þar sem starfsmenn úr hinum byggðakjarnanum fara með skólabíl. Kennarar nýta þó þann tíma sem gefst til að ræða og ígrunda sitt starf, verklag og fá speglun á sína vinnu. Að þeirra mati gerir smæðin það að verkum að auðvelt er að ræða árangur og aðferðir reglulega og telja þeir sig hafa góða yfirsýn yfir hvern og einn nemanda. Hins vegar kom fram í viðtölum að það vantaði upp á að stjórnandi veitti ráðgjöf og leiðbeiningar við að nýta niðurstöður prófa og gögn markvisst, til dæmis vegna námsmats til eflingar náms nemenda og starfs skólans.

Kennarar, starfsmenn og nemendur eru almennt sammála um að lýðræðisleg vinnubrögð einkenni skólastarfið og mikið er lagt upp úr því að allir fái að segja sína skoðun og telja bæði starfsmenn og kennarar að hópurinn sé ein liðsheild þar sem hver og einn sé mikilvægur hlekkur í skólastarfinu. Þó kom fram hjá starfsmönnum að það vantaði aðeins upp á að starfsmenn leikskólans væru með í heildinni, þeir væru aðeins útundan. Starfsmenn, nemendur og kennarar telja sig geta haft áhrif á skólastarfið. Almenn ánægja er með skipulag starfsins og samvinnu þar sem hún á við. Kennarar fá talsvert um það að segja hvernig þeir raða sínum tíma niður og telja að sérhæfing hvers og eins sé að mestu nýtt eins og við verður komið.

### 1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Í viðtali við foreldra kom fram að enn er ekki búið að stofna nýtt sameinað foreldrafélag við nýjan sameinaðan skóla en til stendur að gera það fljótlega. Foreldrar vilja gjarnan fá að taka meiri þátt og vera með í ákvarðanatöku um skipulag skólastarfsins og að leitað sé eftir hugmyndum þeirra til að efla skólastarfið. Kennarar segjast leita til þeirra en fá litla svör. Eins sé þeim ávallt boðið að koma á sýningar og hátíðir í skólanum. Mikilvægt er að skerpa á þessum samskiptum um hlutverk hvers og eins. Skólaráð fundar einu sinni á ári og fundaði síðast sl. vor. Það kemur ekki að mati á skólastarfinu. Samvinna er við grenndarsamfélagið og er fulltrúi þess í skólaráði. Misbrestur er á að skólaráð haldi árlegan opinn fund um málefni skólans.

Gott samstarf er við leikskólann, tónlistarskólann og þau fyrirtæki sem eru á staðnum. Í viðtali við skólastjóra kom fram að verið er að móta hvaða hefðir á að halda í frá hvorum skóla fyrir sig, s.s. þorrrablót, jólaskemmtun og fleiri viðburði þar sem foreldrum hefur verið boðið. Boðið er upp á rútu á milli staðanna. Foreldrar eru ánægðir með upplýsingagjöf frá skólanum en taka fram að gæta þarf að því að þær séu sendar út í tíma. Í viðtali við foreldra kom einnig fram að þeir telji að skólinn leggi sig fram við að segja jákvæðar fréttir af skólastarfinu. Foreldrar hafa almennt ekki verið upplýstir um þá stoðþjónustu sem skólinn og skólaþjónusta sveitarfélagsins veitir.

Góð samvinna er milli skólastiga og fara nemendur í 1. bekk í heimsókn í leikskólann og öfugt. Í skólanámskrá kemur fram að nemendur í 9. og 10. bekk fara í kynningarheimsóknir í framhaldsskólana á Austurlandi. Einnig stunda þeir nemendur sem lokið hafa grunnskólamarkmiðum í ákveðinni grein nám á framhaldsskólastigi í fjarnámi.

### 1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Í viðtali við skólastjóra kemur fram að hann hefur ágæta sýn á áherslur sínar og markmið varðandi skólastarfið. Skólinn notar Skólapúlsinn en hefur ekki nýtt þær niðurstöður í innra mat, sem reyndar hefur ekki verið framkvæmt um skeið. Í starfsáætlun og viðtölum við kennara kemur fram að skólinn notar Mentor til að setja inn upplýsingar um námsárangur nemenda. Í starfsáætlun kemur fram hvaða skimanir og próf eru lögð fyrir og nýtir skólinn niðurstöður mælinga, s.s. samræmdra prófa og lesferils.

Mikilvægt er þó að gera betur grein fyrir hvernig kannanir og skimanir eru nýttar í kennslu. Verið er að vinna að eflingu læsis í samvinnu við Fjarðarbyggð. Ekki voru sýnilegir verkferlar um hvernig gögn um árangur og líðan eru nýtt í kennslu til að efla árangur nemenda

Gera þarf betur grein fyrir tengslum símenntunar við markmið og áherslur skólans og gera tímasetta símenntunaráætlun þar sem kemur fram hverjir leiða fræðsluna, þátttakendur og hvernig einstaklingar sækja sér símenntun.

#### 1.4 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Nemendur fá tilskilinn skóla- og kennsludagafjölda. Kennslutími nemenda yngsta stigs (30 kes. ), mið- og unglingastigs (38 kes.) er samkvæmt viðmiðunarstundaskrá en miðstig er með meiri kennslutíma en gert er ráð fyrir.

Heimasíða skólans er vel upp sett og virk, þar koma fram helstu upplýsingar um skólastarfið og hinar ýmsu áætlanir, svo sem áætlanir um móttöku nýrra starfsmanna og nemenda sem og nemenda með sérþarfir. Hins vegar vantar sumt sem á að vera í skólanámskrá.

Samkvæmt viðtali við stjórnanda eru ekki til ferlar eða skráð áætlun um viðbrögð og lausn ágreiningsmála vegna eineltis eða annars konar ágreiningsmála meðal starfsmanna. Nemendum eru kynnt netöryggismál og farið er yfir persónuverndarmál með starfsmönnum og foreldrum. Verktakar sem koma inn í skólann hafa ekki verið látnir skrifa undir yfirlýsingu um trúnað í starfi. Fylgst er með því að aðbúnaður skólans sé öruggur og er verið að vinna í að klára að yfirfara skólann á Breiðdalsvík.

Nemendaráð starfar við skólann og eru helstu verkefni þess félagsstarf nemenda. Fulltrúar nemenda eiga sæti í skólaráði. Í starfsáætlun sem birt er á heimasíðu kemur fram hverjir eru í ráðum og nefndum og fá nemendur kynningu á því hverjir eru fulltrúar þeirra. Fulltrúi nemenda í ungmennaráði fékk upplýsingar um það starf hjá skólastjóra.

#### 1.5 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Almennt er ánægja meðal starfsmanna og kennara með stjórnun og telja þeir gott að leita til skólastjóra með sín mál. Þar sem að í vetur er einn stjórnandi er ekki um neina verkaskiptingu að ræða, hins vegar kom fram í viðtali við skólastjóra að í fyrra hafi verkaskipting ekki verið nægjanlega skilgreind.

Skólinn er fámennur samkennsluskóli þar sem kennarar kenna nokkrum árgöngum saman og kenna sumir nokkrar námsgreinar. Kennslu er skipað niður með tilliti til sérhæfingar kennara eins og við verður komið. Kennarar eru almennt ánægðir með það hvernig sérþekking þeirra fær að njóta sín og almennt farið eftir þeirra óskum, þó svo að undantekning sé þar á. Starfsþróunarviðtöl fara fram reglulega og eru skráð. Í viðtali við kennara kom fram að skólastjóri er ekki mikið að fylgjast með kennslu en að hann hrósi þegar við á og starfsmenn séu einnig duglegir að hrósa hver öðrum.

Móttakan nýrra starfsmanna er að mati viðmælenda góð, stuðningur góður, auðvelt að fá aðstoð og allir tilbúnir við að aðstoða og leiðbeina.

#### 1.6 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

Skólastjóri sagði að hann leitaðist við að styrkja eigin þekkingu og efla leiðtogahæfni sína með því að sækja sér endurmenntun og með samstarfi við aðra skólastjóra í gegnum skólaþjónustu sveitarfélagsins. Kennarar, sem og annað starfsfólk, hafa mikið frelsi til að sinna endurmenntun sinni

og eru hvattir til þess af stjórnendum. Mannauður skólans er vel nýttur og fá starfsmenn að njóta sín og njóta trausts að eigin mati. Þeir bera ábyrgð á ýmsum verkefnum sem snúa að skólastarfinu. Í viðtali við skólastjóra kom fram að hann vill dreifa ábyrgð meira en hefur orðið.

Skráð er á heimasíðu og starfsáætlun hvaða verkefni eru í gangi, s.s. Uppeldi til ábyrgðar og Bættur námsárangur, en skrá þarf hverjir eru ábyrgðaraðilar að þeim verkefnum.

Starfsmenn eru hvattir til að huga að heilsu sinni en skapa mætti til þess meira svigrúm að mati starfsmanna.

#### Styrkleikar

- Almenn sátt er í skólasamfélaginu með tilhögun sameiningar skólanna.
- Stjórnendur leggja áherslu á það jákvæða í skólastarfi í daglegu tali og fréttáflutningi.
- Starfsmenn telja samheldni og liðsheild einkenna starfið í skólanum.
- Góður starfsandi er í hópnum.
- Stjórnandi hvetur til starfsþróunar og eru virkur í að deila upplýsingum þar um til starfsmanna.
- Stjórnandi skapar svigrúm til endurmenntunar hjá starfsmönnum.
- Góð samfella er milli skólastiga með samreknum leikskólum.
- Kennarar eru ánægðir með skipan kennslu.
- Kennarar finna fyrir trausti hjá stjórnanda og hafa sveigjanleika við skipulagningu náms og kennslu.

#### Tækifæri til umbóta

- Móta stefnu fyrir nýjan sameinaðan skóla í samvinnu við alla aðila skólasamfélagsins.
- Gera þarf skólanámskrá í samstarfi við aðila skólasamfélagsins.
- Árlega þarf að gera starfsáætlun.
- Vinna símenntunaráætlun í tengslum við markmið og áherslur skólans.
- Skapa svigrúm til faglegrar umræðu starfsmanna með reglulegri fundum.
- Koma á markvissara foreldrasamstarfi og leita leiða til að kanna formlega hugmyndir foreldra til eflingar skólastarfi.
- Upplýsa foreldra um þá stoðþjónustu sem skólinn býður upp á og þá skólaþjónustu sem skólinn á kost á.
- Skrá og birta verkaskiptingu stjórnenda.
- Æskilegt er að gera grein fyrir samstarfsverkefnum við grenndarsamfélagið sem eru í gangi.
- Fjölga fundum skólaráðs og halda einn opinn skólaráðsfund á ári.

## Þáttur 2 – Nám og kennsla

Inntak og námskrá	Árangur náms	Gæði kennslu	Skipulag náms	Námsvitund	Ábyrgð og þátttaka
-------------------	--------------	--------------	---------------	------------	--------------------

### 2.1 Inntak og námskrá

Skólanámskrá sameinaðs skóla hefur ekki verið gerð. Starfsáætlun síðasta árs (2018-2019) er á heimasíðu og er umfjöllun um starfsáætlun með hliðsjón af henni. Áherslur sem fram koma í starfsáætlun endurspeglar áherslur sveitarfélags í tengslum við þróunarverkefni um bættan námsárangur og læsi.

Heildaráætlanir um nám og kennslu (árganganámskrár/námsvísar) eru ekki opinberar á heimasíðu og voru almennt ekki aðgengilegir matsmönnum meðan á vettvangsheimsókn stóð, en komu síðar. Matsmenn sáu eða fengu sendar annaráætlanir tveggja kennara, dæmi um eina vikuáætlun og áætlun einnar kennslustundar. Framsetning áætlanna er ekki samræmd og tenging við markmið aðalnámskrár koma ekki vel fram. Kennarar sögðu að framsetning áætlana og kynning hæfniviðmiða hafa verið á misjöfnu stigi hjá skólunum sem sameinuðust og vinnu við það verið frestað um sinn, m.a. vegna þess að þekkingu kennara á því sviði var ábótavant. Foreldrar í rýnihópi könnuðust ekki við að hafa fengið kynningu á námsáætlunum eða hæfniviðmiðum, nema á hraðaviðmiðum í lestri. Foreldrar fá skilaboð um hegðun, mætingu og skil á verkefnum á Mentor en ekkert um hæfniviðmið í námi. Nemendur sögðust ekki hafa heildaráætlun en fá „allt útskýrt í byrjun annar“.

Námshópar eru fámennir og fá nemendur sem þess þurfa stuðning innan bekkjarumhverfis. Unnið er með fjölbreyttan stuðning við nám og líðan.

### 2.2. Árangur náms

Reglulega er fylgst með árangri nemenda og kennarar vinna sameiginlega úr niðurstöðum námsmats. Nemendur vinna sjálfsmat sem notað er í viðtölum tvisvar á ári þar sem meðal annars er rætt um líðan. Ekki fer fram önnur skipuleg könnun á líðan nemenda vegna fámennis.

#### *Samræmd könnunarpróf*

Erfitt er að gera grein fyrir samræmdum könnunarprófum þar sem skólinn er nýstofnaður og fjöldi nemenda nær ekki viðmiðum um birtingu og því eru niðurstöður árgangaárangurs og uppsafnaðs árangurs 4., 7. og 10. bekkjar skólanna hvors fyrir sig skoðaðar hér.

#### **4. bekkur**

Nemendur skólanna beggja eru fáir í árgangi og sveiflast árangur því mikið milli ára. Ekki næst að búa til línurit um uppsafnaðan árgangur vegna fámennis og engar niðurstöður eru því birtar. Sum ár er mikill munur á árangri nemenda í íslensku og stærðfræði.

#### **7. bekkur**

Nemendur skólanna beggja eru fáir í árgangi og sveiflast árangur því mikið milli ára. Ekki næst að búa til línurit um uppsafnaðan árgangur vegna fámennis og engar niðurstöður birtar. Sjaldan kemur fram mikill munur á árangri nemenda í íslensku og stærðfræði.

#### **10. bekkur**

2017 var síðasta árið sem prófað var í 10. bekk. Nemendur skólanna beggja eru fáir í árgangi og sveiflast árangur því mikið milli ára. Ekki næst að búa til línurit um uppsafnaðan árgangur vegna fámennis og engar niðurstöður birtar. Sveiflur eru á árangri milli metinna námsgreina, íslensku, stærðfræði og ensku.

Vegna fámennis eru ekki settar fram framfaratölu milli 4., 7. og 10. bekkjar prófa.

### Lesferill


Skólinn nýtir Lesferil við mat á lesfimi (hraði og öryggi) nemenda. Fjöldi nemenda í árgangi er undir birtingarmörkum en segja má að almennt sé lesfimi nemenda um eða aðeins undir meðaltali landsins, en fram kemur að huga þarf að lesfimi nemenda miðeildar.

Við aldursblöndun í kennslu geta viðmið um árangur verði skekkt, þannig að gerðar séu of litlar kröfur til náms og framfara. Sérstaklega er hættá á því ef námsvísar og kennsluáætlanir eru ekki skilmerkilega fram settar þannig að eðlilegur stígandi sjáist.

### 2.3 Gæði kennslu

Matsmenn sátu í kennslustundum á báðum starfsstöðvum, hjá öllum nemendum og kennurum og í fjölbreyttum námsgreinum.

Kennarar sýna fagmennsku í störfum, og viðmót starfsmanna endurspeglar stefnu skólans. Nemendur í rýnihópi sögðu að einkunnarorð skólans, *virðing*, *vinátta* og *vandvirkni* ættu við um skólastarfið. Skipulag kennslu er gott og námstími nemenda er vel nýttur. Nemendur fást við krefjandi viðfangsefni og fjölbreyttir kennsluhættir sáust á vettvangi. Vettvangsathuganir voru í 18 kennslustundum, þar af voru flestar metnar frábærar eða góðar. Mikilvægir þættir sem þarf að bæta er að markmið náms séu gerð sýnileg fyrir nemendum.




Í kennslustundum sem matsmenn sátu voru kennsluáherslur fræðandi í um helmingi tímana, það er bein kennsla, þar sem kennslustundin einkennist af því að kennari er í hlutverki fræðara sem miðlar upplýsingum og nemendur vinna að mestu í verkefnabækur sínar. Í aðstæðum eins og eru við samkenntu gengur kennari á milli og aðstoðar hvern og einn. Leiðbeinandi kennsluáherslur, það er skipulagðar þannig að nemendur höfðu virkt hlutverk við að stýra framvindu eða höfðu bein áhrif á framgang eigin náms voru að hluta í um þriðjung stundanna sem heimsóttar voru.

## 2.4 Skipulag náms

Náms- og kennsluaðstæður eru þannig að við sameiningu var tekin ákvörðun um að kennt skyldi í báðum skólahúsunum tvo daga í senn og einn dag eru nemendur í sínum heimaskóla, það er Breiðdælingar á Breiðdalsvík og Stöðfirðingar á Stöðvarfirði. Hvert stig er með heimastofu á báðum starfsstöðum. Skólinn er vel búinn gögnum og spjaldtölvur eru á báðum stöðum. Nemendur nýttu upplýsingatækni að einhverju marki í 44% stundanna og kennarar í 22%.

Nemendum er skipt í þrjá aldursblandaða námshópa með sjö eða átta nemendum fjóra daga vikunnar. Þegar nemendur eru í heimaskóla sínum einn dag í viku eru þeir hins vegar í tveimur námshópum. Kennarar kenna mikið greinabundið, þannig að kennararnir kenna flestum námshópum eitthvað. Hjá kennurum kom fram að ekki er mikið um sameiginlegt skipulag á kennslu, hver skipuleggur sitt. Ekki eru haldnir stigsfundir og ekki er unnin sameiginleg stignámskrá af þeim sem koma að kennslu stigsins.

Nemendur vinna að hluta að samþættum og heildstæðum verkefnum. Nemendur mið- og unglíngastigs eru með áhugasviðsverkefni sem unnið er að einu sinni í viku.



Í þeim kennslustundum sem matsmenn sátu voru nemendur að vinna einir að verkefnum sínum í 2/3 af námstímanum. Í 22% var samvinna í hluta tímans og 11% tímana voru skipulagðir fyrst og fremst sem samvinna nemenda um nám. Fjöldi nemenda í námshópi var frá 6-8. Við samkennslu árganga og svona mikið fámenni er hætta á að nemendur vinni einir að sínu námi, innlögn fari fyrst og fremst fram einstaklingslega og verði einhæf og einvörðungu munnleg þar sem kennari nýtir ekki kennslugögn eða tækni sem annars væri gert. Við það skapast síður námssamræða milli kennara og nemenda og nemenda í milli. Mikilvægt er fyrir kennara að hafa þetta í huga og kenna nemendum einnig að takast á við verkefni í þörum eða smærri hópum og skapa aðstæður þar sem samræður um nám fara fram milli nemenda.

Í vetur háttar svo til að einungis eru kenndar heimilisfræði og tónmennt af list- og verkgreinum vegna kennaraskorts. Samkvæmt stundaskrá eru list- og verkgreinar kenndar í fimm tímum á yngsta stigi, sex á miðstigi og aðeins einum á unglíngastigi þar sem áhugasviðsverkefni er reiknað sem valtími. Fram kom hjá öllum viðmælendum að kennslu í list- og verkgreinum væri sárt saknað og eindregin ósk að fá meiri kennslu í þeim greinum.

Val á unglingsstigi er fjórir tímar samkvæmt stundaskrá (áhugasviðsverkefni) sem uppfyllir ekki viðmið aðalnámskrár. Að auki eru skráðar þrjár smiðjuhelgar sem falla annað hvort undir val eða list- og verkgreinar.

Að mati foreldra fá þeir reglulegar og nægar upplýsingar um námsgengi barna sinna og foreldrar barna með sérstakar þarfir fá miklar upplýsingar að mati rýnihóps foreldra.

## 2.5 Námsvitund

Nemendur voru áhugasamir og virkir í kennslustundum. Þeir sýndu almennt góða hegðun í kennslustundum og frítíma. Áhugasviði þeirra er mætt með sérstökum verkefnum. Nemendur nýta fjölbreyttar leiðir til náms og hafa möguleika á fjölbreyttu námsumhverfi. Þar sem ekki eru opinber viðmið um hæfni í öllum námsgreinum fá nemendur ekki yfirsýn yfir markmið og viðmið um árangur sem stefnt er að. Þeir taka ekki þátt í að setja sér markmið eða meta framgang sinn í námi, annað en taka þátt í sjálfsmati á Mentor sem fram fer tvisvar á ári í tengslum við foreldraviðtöl.

## 2.6 Ábyrgð og þátttaka

Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu. Nemendur sýna stuðning innan nemendahópsins. Nemendalýðræði er virkt og þekkjast nemendur til hlutverka þeirra ráða og nefnda sem þeirra fulltrúar taka þátt í. Nemendafulltrúar í skólaráði eru fullgildir þátttakendur. Haldnir eru bekkjarfundir með eldri nemendum.

### Styrkleikar

- Nemendur eru áhugasamir og virkir í kennslustundum og samskipti eru jákvæð.
- Kennarar sýna fagmennsku í kennslu og kennsluhættir eru fjölbreyttir.
- Skipulag kennslu er gott og námstími nemenda vel nýttur.
- Stuðningur er fjölbreyttur og veittur í bekkjaraðstæðum.
- Foreldrar almennt og foreldrar bara með sérstakar þarfir telja sig fá góðar upplýsingar um námsgengi barna sinna.
- Áhugasviði nemenda er mætt með sérstökum verkefnum.
- Skólinn er vel búinn námsgögnum og tækjum.
- Nemendur nýta upplýsingatækni við nám.
- Nemendalýðræði er virkt.

### Tækifæri til umbóta

- Gera heildaráætlun um nám og kennslu (námsvísa/bekkjarnámskrár) og birta á heimasíðu.
- Efla samvinnu kennara við skipulag náms til að mynda samfellu.
- Tengja áætlanir um nám og kennslu við grunnþætti aðalnámskrár og lykilhæfni.
- Birta hæfniviðmið í öllum námsáætlunum.
- Kynna foreldrum áætlanir í námi og viðmið um árangur sem stefnt er að.
- Gera nemendum ljós markmið í námi og hafa þau sýnileg.
- Huga að kennslu þegar mikill munur er á árangri nemenda eftir námsgreinum.
- Efla samvinnu og samræður nemenda í námi.
- Vinna með lesfimi á miðstigi.
- Auka þarf list- og verkgreinakennslu svo tilmæli aðalnámskrár séu virt.
- Huga að því að hafa val á unglingsstigi í um sjö vikustundir að jafnaði.

## Þáttur 3 – Innra mat

Skipulag	Framkvæmd	Umbætur
----------	-----------	---------

### 3.1 Skipulag

Innra mat hefur ekki verið skipulega unnið eftir sameiningu skólana. Fyrir sameiningu var innra mat í ferli í öðrum skólanum að sögn skólustjóra en innra matið hafði ekki verið sinnt undanfarin ár í hinum. Lítið kemur fram í opinberum gögnum skólans um innra mat. Getið erum það í drögum að starfsáætlun frá 2018-2019 en þar er sjónum frekar beint að sjálfsmati nemenda. Mat á námi og framförum nemenda fer fram reglulega.

### 3.2 Framkvæmd

Þar sem ekkert reglulegt innra mat fer fram í skólanum er ekki hægt að skrifa um hvernig framkvæmdin er. Kennarar nefndu að þeir hefðu tekið þátt í innra mati „fyrir löngu síðan“.

### 3.3 Umbætur

Þar sem ekkert innra mat fer fram er ekki til umbótaáætlun og ekki hægt að leggja mat á hvaða aðgerða er gripið til við umbætur.

#### Styrkleikar

- Mat á námi, árangri og framförum nemenda fer fram reglulega, svo sem með Lesferli og samræmdum könnunarprófum.

#### Tækifæri til umbóta

- Vinna þarf markvisst að innleiðingu innra mats í skólanum.
- Skipa teymi með fulltrúum allra hagsmunaaðila til að hafa umsjón með framkvæmd innra mats og skipulagi þess.
- Gera langtímaáætlun um innra mat til þriggja til fimm ára.
- Vinna áætlun um innra mat ársins og gera þar grein fyrir aðgerðum, þátttakendum, tímasetningum, ábyrgðaraðilum og viðmiðum um árangur, þar sem það á við.
- Leita formlega eftir sjónarmiðum allra hagsmunaaðilar við matið, s.s. foreldra.
- Vinna árlega greinargerð um innra mat og birta opinberlega.
- Gera árlega umbótaáætlun þar sem fram koma aðgerðir, tímasetningar, þátttakendur, ábyrgðaraðilar og hvenær og hvernig á að meta umbætur.
- Bera umbótaáætlun sem og aðrar áætlanir og skýrslur í innra mati undir skólaráð með formlegum hætti.



Umbótaatriði sem fram komu í ytra mati á Breiðdalsskóla 2016

Breiðdalsskóli fór í ytra mat árið 2016. Samkvæmt verkferlum ytra mats á skóli að skila umbótaáætlun í kjölfar mats. Breiðdalsskóli skilaði áætlun til mennta- og menningarmálaráðuneytis þar sem tilgreindir voru þær umbætur sem vinna þurfti. Hér eru þau tækifæri til umbóta sem þá voru tilgreind sett fram þar sem þau eiga að hluta til enn við um skólstarfið.

#### Tækifæri til umbóta í stjórnun sem sett voru fram fyrir Breiðdalsskóla 2016:

- Vinna verklagsreglur í samstarfi við sveitarfélag um meðferð ágreinings- og eineltismála í starfsmannahópnum samkv. rg. 1009/2015.
- Skrá vinnureglur samkv. rg. 897/2009 um upplýsingagjöf um nemendur.
- Huga að trúnaði og þagnarskyldu óskyldra aðila sem starfa í húsnæði skólans.
- Vinna þróunar- og umbótaáætlun sem byggir á stefnu skólans svo og á innra og ytra mati.
- Virkja foreldra og nemendur í vinnu við skólanámskrá.
- Vinna móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku og nemendur með sérþarfir.
- Vinna áætlun um forvarnir gegn fíkniefnum, áfengi og tóbaki.
- Tryggja að fulltrúar í skólaráði séu lýðræðislega valdir og til tveggja ára og skilgreina leiðir til að upplýsingar um störf og málefni komist til hlutaðeigandi aðila.
- Vinna móttökuáætlun fyrir nýja starfsmenn.

#### Tækifæri til umbóta í námi og kennslu sem sett voru fram fyrir Breiðdalsskóla 2016:

- Gera grunnþætti menntunar sýnilegri í öllum námsgreinum í námsvísun/árganganámskrám.
- Fjölga valgreinum hjá elstu árgöngum.
- Bæta tölvukost og nettengingar.
- Huga að því að nota markvisst samvinnu og samstarf nemenda í námi og efla rökræður og skoðanaskipti í námi nemenda á öllum stigum.
- Gera grein fyrir hvernig mat á lykilhæfni kemur inn í námsmat allra námsgreina.
- Gera nemendum ljós markmið í námi hvað varðar námseiningar í heild sinni.
- Kynna foreldrum vel upplýsingagildi sem Mentor hefur, t.d. varðandi verkefnabækur, þar sem hægt er að fylgjast með framvindu náms.
- Kynna námsvísa vel fyrir foreldrum og nemendum svo þeir nýtist í náminu.
- Skrá hvernig brugðist er við niðurstöðum skimana og mats.
- Leita allra leiða til að uppfylla þær skyldur sem lög kveða á um varðandi tilskylda menntun kennara.

#### Tækifæri til umbóta í innra mati sem sett voru fram fyrir Breiðdalsskóla 2016:

- Gera áætlun um innra mat fyrir þetta skólaár.
- Gera langtímaáætlun um innra mat (3-5 ár).
- Birta á heimasíðu greinargerð um innra mat 2015-2016 þar sem koma fram verkefni, aðgerðir og hvernig niðurstöður voru nýttar skólanum til hagsbóta.
- Skilgreina viðmið um þann árangur sem stefnt er að í innra mati.
- Auka fjölbreytni aðferða í innra mati, m.a. að afla formlega álits foreldra og starfsmanna á skólastarfinu.
- Skipa matsteymi sem fulltrúar allra hagsmunaaðila eiga aðild að.
- Birta upplýsingar um innra mat á heimasíðu skólans.
- Gera umbótaáætlun sem byggir á niðurstöðum mats á síðasta skólaári og bera undir skólaráð.

Samkvæmt nýlegum skilum skólans á framgangi umbóta hófst vinna við marga þessa þætti árið 2017 og einhverjum er lokið að sögn. Sú vinna sést ekki í opinberum gögnum sameinaðs skóla og ekkert sem kom fram við ytra matið núna bendir til að verið sé að vinna markvisst að innra mati við skólann.